



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands um hlutfall veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar eftir launatekjum.

Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistafllokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn um um hlutfall veikinda starfsmanna Reykjavíkurborgar eftir launatekjum:

Það er vitað mál að lág laun geta leitt til mikils álags og fjárhagslegra áhyggna og slíkt hefur ekki jákvæð áhrif á heilsu og Reykjavíkurborg hefur lengi vel verið lágláunavinnustaður.

Er hlutfall veikinda hærra hjá þeim sem eru á lægri launum innan Reykjavíkurborgar? Hvað með langtímaveikindi?


Hvernig skiptast veikindi og langtímaveikindi eftir launabilum síðustu þriggja ára, eins og t.d. eftir: 0-400 þús í mánaðartekjur, 400-550 þúsund í mánaðartekjur og 550 þúsund í mánaðartekjur og uppúr? Hvernig skiptist slíkt eftir sviðum?

Svar:

Hjá Reykjavíkurborg starfa yfir 9000 starfmenn á hverjum tíma. Veikindahlutfall starfsmanna Reykjavíkurborgar var 6,7% árið 2017, 6,8% árið 2018 og 6,9% árið 2019. Varðandi þann hluta fyrirspurnar sem snýr að langtímaveikindum þá er unnið sé að því að samræma skráningar á langtímaveikindum eftir sviðum og því ekki unnt að taka þau út fyrir borgina í heild fyrir fyrri ár og greina eftir mánaðartekjum.

Leitað var til launaskrifstofu við vinnslu fyrirspurnarinnar og óskað eftir ofangreindum upplýsingum. Fyrirspurnin var mjög umfangsmikil þar sem taka þarf út veikindi fyrir hvern starfsmann svo ákveðið var að greina veikindafjarvistir niður á kostnaðarstaði en ekki niður á kennitölur þar sem þau gögn eru aðgengilegri. Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur orðið á vinnslu fyrirspurnarinnar.

Myndin hér að neðan sýnir veikindahlutfall fyrir alla kostnaðarstaði borgarinnar miðað við meðalheildarlaun á hverjum kostnaðarstað fyrir árin 2017-2019. Svo virðist vera sem að á þeim kostnaðarstöðum þar sem meðalheildarlaun eru yfir 550 þúsund á mánuði sé minna um veikindi heldur á þeim kostnaðarstöðum þar sem meðalheildarlaunin eru hærri. Árin 2017 og 2018 er veikindahlutfall kostnaðarstaða með lægstu meðalheildarlaunin (undir 400 þús. kr. á mánuði) hærra en hjá þeim sem eru með yfir 400 þúsund á mánuði. Árið 2019 er veikindahlutfall hins vegar hærra hjá stöðum sem eru með meðalheildarlaun 400-550 þúsund kr. á mánuði heldur en þeim sem eru með undir 400 þúsund kr. á mánuði.



Í töflu 1 má sjá veikindahlutfall kostnaðarstaða eftir meðalheildarlaunum eftir sviðum. Mismunandi er eftir árum og sviðum hvort hærra veikindahlutfall sé hjá tekjalægsta hópnum.

Tafla 1. Veikindahlutfall kostnaðarstaða eftir meðalheildarlaunum hvers staðar.									
	0-399 þúsund			400-550 þús			Yfir 550 þús		
	2017	2018	2019	2017	2018	2019	2017	2018	2019
ÍTR	6,90%	8,00%	6,50%	5,40%	5,10%	6,10%	5,00%	3,70%	7,20%
MOF	2,40%	4,50%	4,30%	5,70%	5,30%	7,90%	3,50%	3,90%	4,20%
SFS	7,20%	7,80%	7,20%	6,90%	6,60%	7,00%	5,30%	5,80%	5,60%
VEL	7,70%	7,30%	6,20%	7,40%	8,30%	8,40%	7,30%	6,70%	7,10%
USK	7,80%	9,00%	7,90%	6,00%	5,70%	5,70%	5,10%	6,80%	5,80%
RHUS	2,20%	6,30%	1,70%	8,10%	7,40%	7,00%	5,10%	4,50%	5,90%

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

